

**Sp. 163. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]**

um samræmingu símtala og síngjalda í umdæmi bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samræmd verði síngjöld og fyrirkomulag símtala milli Hafnarfjarðar, Garðahrepps, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkur, sem eru aðilar að bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að símtöl milli þessara byggðarlaga verði eigi dýrari og með sama fyrirkomulagi og innanbæjarsímtöl.

**G r e i n a r g e r ð .**

Tillaga þessi er borin fram til þess að freista þess að fá leiðréttingu á því mismæmi, sem felst í þeim ákvæðum gjaldskrár bæjarsíma Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, er varða síngjöld og fyrirkomulag símtala á milli þessara byggðarlaga, þannig að notendur símans á þessum stöðum fái allir setið við sama borð, að því er síngjöld og fyrirkomulag símtala varðar.

Þá má og benda á, að hér er um að ræða mikið hagsmunamál allra þeirra aðila, sem við viðskipti og atvinnurekstur fást á áður nefndum stöðum, og er full ástæða til þess að gefa því gaum sérstaklega.

Nánar í framsögu.